



Reglur um stuðning við frumkvöðla og fyrirtæki

1. gr.

Markmið

1.1 Fjallabyggð býður frumkvöðlum og fyrirtækjum, sem vilja hefja starfsemi í nýjum atvinnurekstri eða auka við starfsemi sína, tímabundna aðstoð með samningum við sveitarfélagið. Aðstoðin getur falist í ráðgjöf, hlutafjárkaupum eða fjárhagslegum styrk.

2. gr.

Megináherslur.

2.1 Fjallabyggð leggur áherslu á stuðning við verkefni sem tengjast markmiðum Fjallabyggðar hverju sinni um uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu.

2.2 Styrkur er veittur til fyrirtækja eða einstaklinga sem stuðla að nýsköpun og atvinnutækifærum sem skapa fjölbreytni í atvinnulífi innan sveitarfélagsins, svo og sameiginlegum kynningar- og markaðsmálum fyrir atvinnulífið.

3. gr.

Styrktarform.

3.1 Stuðningur Fjallabyggðar er að hámarki til þriggja ára.

3.2 Stuðningur Fjallabyggðar miðast við samninga sem gerðir verða á milli einstakra styrkþega og sveitarfélagsins, sem skilgreinir þau markmið sem stuðningurinn grundvallast á skv. grein 2. Stuðningur er veittur sem:

- a) Ráðgjöf
- b) Beinn fjárhagslegur styrkur. Heimilt er að setja það sem skilyrði fyrir beinum fjárhagslegum styrknum að andvirði hans verði ráðstafað til greiðslu lóða- og fasteignagjalda sem lögð hafa verið á eða síðar kunna að verða lögð á styrkþegann.
- c) Hlutafjárkaup.

3.3 Þátttaka sveitarfélagsins byggist m.a. á markmiðum sem fyrirtækin setja sér um vöxt og fjölgun ársverka.

4. gr.

Takmarkanir.

4.1 Fjallabyggð styður ekki verkefni sem raska samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja eða einstaklinga sem fyrir eru á starfssvæðinu. Fjallabyggð styður aðeins eitt sambærilegt verkefni á hverjum tíma - þ.e. ekki verða styrkt tvö fyrirtæki í innbyrðis samkeppni. Samningar sveitarfélagsins við frumkvöðla munu því gilda áfram, að því gefnu að öll skilyrði eru uppfyllt af hálfu styrkþega, þótt breyting verði á samkeppnisaðstæðum.



4.2 Styrkþegi skal vera í skilum við Fjallabyggð.

4.3 Verði breyting á forsendum sem styrkveiting til verkefnis byggir á getur bæjarráð endurskoðað eða afturkallað ógreiddar styrkuppþæðir. Er bæjarráði heimilt að gera þetta einhliða og án samþykkis styrkþega en honum skal þó veitt ráðrúm til að gera athugasemdir við ákvörðunina áður en hún er endanlega tekin.

4.4 Stuðningur þessi tekur ekki til verkefna sem snúa að rekstrarerfiðleikum fyrirtækja né heldur verkefna á sviði stóriðnaðar.

5. gr.

Vinnufyrirkomulag.

5.1 Forgangs röðun verkefna á sviðum sem falla undir þessar reglur er ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Atvinnumálanefnd hefur umsjón með framkvæmd verkefna sem tengjast stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nefndin hefur jafnframt leyfi til túlkunar á einstökum ákvæðum þessara reglna.

6. gr.

Útfærsla styrkveitinga.

6.1 Bæjarráð hefur umsjón með framkvæmd reglnanna.

6.2 Umsækjendur skulu sækja um á þar til gerðu eyðublaði sem má finna á heimasíðu Fjallabyggðar, www.fjallabyggd.is, eða á skrifstofum sveitarfélagsins. Á eyðublaðinu skal vera nákvæm lýsing á verkefninu og ávinningur af því fyrir samfélagið auk annarra upplýsinga sem umsækjandi telur að skipti máli. Farið verður með allar upplýsingar sem umsækjendur leggja fram með umsókn sinni sem trúnaðarmál.

6.3 Staðfesting skal liggja fyrir að viðkomandi sé í skilum við sveitarfélagið með greiðslu opinberra gjalda og í tilfelli leigutaka í skilum við húseiganda.

6.4 Styrkþegi skal skila greinargerð um stöðu og framvindu verkefnis.

6.5 Styrkir skulu greiddir út eftir framvindu verkefnis samkvæmt skilgreiningu í samningi.

7. gr.

Endurskoðunarákvæði

Atvinnumálanefnd Fjallabyggðar skal endurskoða reglurnar árlega, fyrir lok ágústmánaðar og gera tillögur til bæjarráðs.

Samþykkt á 13. fundi atvinnu- og ferðamálanefndar þann 16. júní 2008.

Samþykkt á 97. fundi bæjarráðs þann 3. júlí 2008.

Staðfest á 29. fundi bæjarstjórnar þann 8. júlí 2008.